



STARFSMAFFELAG REYKJAVÍKURBORGAR

FRETTABRÉF

2. tbl. 44. árg. feb. 2009

Orlofsúthlutun
Ársskýrsla stjórnar 2008
Aðalfundur St.Rv. 19. mars, kl. 17.00

Skýrsla stjórnar 2008

Aðalfundur



Klappað fyrir menningaruppákomu fundarins

Aðalfundur St.Rv. var haldinn laugardaginn 8. mars 2008 að Grettisgötu 89 samkvæmt hefðbundinni dagskrá eins og lög gera ráð fyrir.

Fundarstjóri var **Gísli Árni Eggertsson** og fundargerð rituðu **Jón Ingi Hilmarsson** og **Jakóbína Þórðardóttir**.

Formaður **Garðar Hilmarsson** bað fundarmenn að rísa úr sætum og minnst látinna félagsmanna. Síðan flutti hann skýrslu um félagsstarfið á liðnu ári. Skýrsla stjórnar er send öllum félagsmönnum í Fréttabréfi, Garðar stiklaði því á stóru um skýrslu stjórnar.

Ása Clausen fjármálastjóri lagði fram og

kynnti reikninga félagsins fyrir hönd gjaldkera **Víglundur Rúnar Jónssonar**. Reikningarnir voru endurskoðaðir af Endurskoðunarskrifstofu Grant Thornton og félagslegum skoðunarmönnum þeim **Kolbrúnu Hauksdóttur** og **Úlfari Teitssyni**. Ása kynnti ennfremur fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Enginn kvaddi sér hljóðs um skýrslu stjórnar og reikninga og voru reikningar samþykktir samhljóða. Samþykkt var tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjöld, þ.e. 1% af öllum launum félagsmanna. **Gunnar Ingi Jónsson**, formaður kjörstjórnar las niðurstöðu kosninga til stjórnar:

Þann 29. janúar skilaði uppstillinganefnd tillögu um formann Garðar Hilmarsson og um fimm eftirtalda í stjórn félagsins til næstu tveggja ára: Guðríði Sigurbjörnsdóttur, Guðrúnu Árnadóttur, Hallgerði Ingu Gestsdóttur, Ingvaldi Jónsdóttur og Jónas Engilbertsson. Aðrir í stjórn næsta ár: Jón Ingi Hilmarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Víglundur Rúnar Jónsson, Þóra Sigurðardóttir, Þórdís Eygló Sigurðardóttir.

Tillögurnar voru auglýstar með tilskyldum fyrirvara, sem rann út 9. febrúar kl. 16.00. Ekkert mótframboð barst, því var stjórn sjálfkjörin. Ármann Pétursson var skipaður

Fréttabréf

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.is

Ábyrgðarmaður: Garðar Hilmarsson

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Ingi Hilmarsson og Dagný Guðmundsdóttir

Umbrot: Hjá OSS ehf.

Prófarkalestur.: Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentumsjón: Hjá OSS ehf.

Mynd forsíðu: Olgeir Skúli Sverrisson

Aðrar myndir: Þorleifur Óskarsson, og fl.

Starfsmenn skrifstofu St.Rv.:

Ása Clausen fjármálastjóri

Garðar Hilmarsson formaður

Gunnar Ingi Jónsson verkefnisstj.

Halldór Gunnarsson verkefnisstjóri

Jakóbína Þórðardóttir framkv.stjóri

Lára Júlíusdóttir þjónustufulltrúi

Oddný Valgeirsdóttir þjónustufulltrúi

Stjórn St.Rv.:

Garðar Hilmarsson - formaður

Ragnhildur Helgadóttir - varaform.

Guðríður Sigurbjörnsdóttir ritari

Víglundur Rúnar Jónsson - gjaldkeri

Guðrún Árnadóttir

Hallgerður Inga Gestsdóttir

Ingvaldur Jónsdóttir

Jón Ingi Hilmarsson

Jónas Engilbertsson

Þóra Sigurðardóttir

asaclausen@strv.bsrb.is

gardar@strv.bsrb.is

gunnaringi@strv.bsrb.is

halldor@strv.bsrb.is

jakobina@strv.bsrb.is

lara@strv.bsrb.is

stak@aknet.is

gardar@strv.bsrb.is

ragnhildur.helgadottir@reykjavik.is

gudridur@borgarbokasafn.is

viglundur.runar.jonsson@or.is

gudrunarn@fel.rvk.is

hallgerdur.inga.gestsdottir@reykjavik.is

ingo@grundaskoli.is

jhilmars@landspitali.is

holaberg@talnet.is

thoras@rvk.is

áheyrnarfulltrúi deildar eftirlaunafólks og Þorgrímur E. Sigurðsson til vara.

Sem félagskjörnir skoðunarmenn voru kjörin þau: Úlfar Teitsson og Kolbrún Hauksdóttir
Til vara: Hrafnhildur Guðmundsdóttir.

Í stjórn Styrktarsjóðs voru kjörin: Gunnar Ingi Jónsson, Sjöfn Ingólfssdóttir og Ragnhildur Helgadóttir.

Í stjórn Vinnudeilusjóðs: Víglundur R. Jónsson, Anna Árnadóttir og Þorgrímur Hallgrímsson og til vara Guðmundur Ísidórsson og Þórdís Björk Sigurgestsdóttir.

Í stjórn orlofsheimilásjóðs: Víglundur Rúnar Jónsson og Guðríður Sigurbjörnsdóttir.

Þrjár ályktanir voru samþykktar á fundinum.

I Ályktun um stjórnun

Aðalfundur St.Rv. haldinn 8. mars 2008 vill vekja athygli á að örar og endurteknar breytingar á stjórn borgarinnar og fyrirtækjum hennar, hafa aukið mjög álag starfsmanna. Miklar áherslubreytingar gera vinnuáðstæður erfiðar, draga úr stöðugleika framkvæmda og gera starfsmönnum erfið fyrir að rækja starf sitt.

Ríkar kröfur eru gerðar til opinberra

starfsmanna um að þeir sinni störfum sínum af alúð og aðhafist ekkert sem varpað gæti rýrð á starfið og þar með á mikilvægi opinberra þjónustu. Sama skylda hvílir að sjálfsgöðu á stjórnendum og pólitískt kjörnum fulltrúum. Eitt mikilvægasta hlutverk stjórnenda opinberra stofnana hlýtur að vera að mynda trúverðug tengsl við almenning með heiðarlegri stefnu, upplýsingamiðlun, samskiptum og samstarfi við borgarana og alla hagsmunaaðila.

II Ályktun um kjaramál

Aðalfundur St.Rv. haldinn 8. mars 2008 skorar á alla viðsemjendur félagsins og fyrirtæki í þeirra eigu að setja sér skýr markmið fyrir komandi kjaraviðræður.

Fundurinn hvetur samningsaðila til að búa kjarasamninga þannig úr garði, að orðalag þeirra sé skýrt og aðgengilegt fyrir félagsmenn, stjórnendur og aðra þá, sem þurfa að fara eftir og túlka einstök atriði.

Tryggja þarf að nauðsynlegt fjármagn fylgi umsömdum samþykktum og að bókanir og yfirlýsingar sem kjarasamningum fylgja séu ekki lagðar til hliðar heldur útfærðar og efndar að fullu.

Fundurinn tekur undir ályktun stjórnar BSRB frá 12. 2. 2008 þar sem mótmælt er kröfu Samtaka atvinnulífsins um að ríkisstjórnin og sveitarfélög fylgi þeirri launastefnu sem mótuð var við samningaborð Samtaka atvinnulífsins og ASÍ félaga.

Fundurinn krefst þess jafnframt að stjórnvöld beiti sér fyrir því að efla verðlagseftirlit verulega, þar sem hækkun á matvælavæði og allri þjónustu er bein ávísun á kjaraskerðingu hjá öllum almenningi.

III Ályktun um almenningsþjónustu

Aðalfundur St.Rv. haldinn 8. mars 2008 leggur áherslu á góða og trausta almenningsþjónustu. Fundurinn hafnar sem fyrr, tilhneigingu ríkis og sveitarfélaga í því að markaðsvæða, hlutafélagsvæða og úthýsa verkefnum í grunnþjónustu samfélagsins s.s. heilbrigðis- og velferðarþjónustu, mennta- og æskulýðsþjónustu, orkuveitur og fl.

Er skorað á hlutadeigandi aðila að draga lærdóm af mistökum sem gerð hafa verið undanfarið í þessum efnunum.

Skrifstofa St.Rv.



Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir kemur í heimsókn til félagsins stuttu eftir að hún tók við embætti.



Starfsmenn skrifstofu: Lára, Jakobína, Gunnar Ingi, Ása, Garðar og Halldór.

Skrifstofa St.Rv. á Grettisgötu 89, 3. hæð er opin daglega frá kl. 09.00 til 16.00. Kappkostað er að veita sem besta þjónustu og leysa úr erindum félagsmanna svo vel sem kostur er og greiða götu þeirra í hvívetna.

Þá er skrifstofan á Suðurgötu 62 á Akranesi opin á þriðjudögum og fimmtudögum milli kl. 15.00 og 18.00 á þriðjudögum og fimmtudögum. Starfsmaður þar er Oddný Valgeirsdóttir þjónustufulltrúi.

Sjöfn Ingólfssdóttir, formaður félagsins til fjölda ára og síðan starfsmaður félagsins, lét af störfum í maí síðastliðinn og er mikill söknuður af henni. Við þökkum Sjöfn sérstaklega fyrir öll þau mörgu og góðu störf í þágu félagsins og góða samvinnu og vinskapi gegn um árin og óskum henni velfarnaðar áfram.

Aðstaða á Grettisgötu er öll hin besta bæði fyrir námskeiðahald og fundi og þökkum við sérstaklega því góða starfsfólki sem starfar hjá Félagamiðstöðinni.

Stjórnin



Fv. Garðar Hilmarsson, Þorgrímur E. Sigurðsson, Ragnhildur Helgadóttir, Guðrún Árnadóttir, Hallgerður Inga Gestsdóttir, Jónas Engilbertsson, Þóra Sigurðardóttir, Ingveldur Jónsdóttir, Víglundur Rúnar Jónsson og Guðríður Sigurbjörnsdóttir. Jón Inga Hilmarsson stjórnarmann vantar á myndina.

Alls hélt stjórnin 22 fundi á árinu. Fyrsti fundur eftir aðalfund var haldinn 21. mars og skipti þá stjórnin með sér verkum svo sem hér segir: Varaformaður Ragnhildur Helgadóttir, gjaldkeri Víglundur Rúnar Jónsson og ritari Guðríður Sigurbjörnsdóttir.

Á sama fundi voru eftirtaldir skipaðir í einstakar starfsnefndir eða stjórnir:

Fræðslunefnd: Guðríður Sigurbjörnsdóttir og Ingveldur Jónsdóttir.

Menningar- og skemmtinefnd: Hallgerður Inga Gestsdóttir og Jón Ingi Hilmarsson.

Orlofsnefnd: Þórdís Sigurðardóttir og Jónas Engilbertsson.

Ritnefnd: Ragnhildur Helgadóttir og Guðrún Árnadóttir.

Fulltrúar í Starfskjaranefnd Reykjavíkurborgar og St.Rv. voru skipaðir Garðar Hilmarsson og Ragnhildur Helgadóttir úr stjórn, Einar Ólafsson úr 10. deild verður áfram í nefndinni.

Einnig var skipað í stjórnir Starfsmenntunarsjóðs og það voru Jakobína Þórðardóttir og Sjöfn Ingólfsdóttir. Í stjórn Starfsþróunarsjóðs Garðar Hilmarsson og Jakobína Þórðardóttir.

Þórdís Eygló Sigurðardóttir lét af störfum hjá Reykjavíkurborg síðastliðið vor og um leið hætti hún í stjórninni. Þórdís hafði setið í stjórn í 7 ár. Þökkum við henni fyrir störf í þágu félagsins á liðnum árum og óskum henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.



Formaður þakkar Þórdísi fráfarandi stjórnarmanni vel unnin störf í þágu félagsins.

Mikið af störfum stjórnar á árinu snérust um undirbúning og gerð kjarasamninga en allir stjórnarmenn voru í samninganefndum félagsins. Stjórn vann úr þeim upplýsingum sem komu úr kjara- og þjónustukönnun félagsins sem var unnin 2007 og hóf störf við stefnumótun fyrir félagið. Því starfi er ekki enn lokið.

Fulltrúaráð



Góð mæting hefur verið á fundi fulltrúaráðsins í haust og mjög líflegar umræður farið fram.

Fulltrúaráðið fundaði 9 sinnum á árinu. Fóru fundirnir fram með hefðbundnum hætti, jöfnum höndum fór fram upplýsingagjöf, almennar umræður og fræðsla.

Á fyrsta fundi ráðsins sem haldinn var 9. janúar var, eins og lög gera ráð fyrir, kjörin uppstillinganefnd og formaður hennar var kjörinn Einar Ólafsson. Ögmundur Jónasson var gestur fundarins en hann fjallaði um kjarasamningsmál.

Á öðrum fundi fulltrúaráðs 20. febrúar kynnti Ingi Geir Hreinsson verkefnisstjóri starfsmatið SAMSTARF og framkvæmd þess hjá Reykjavíkurborg.

Á fundi 23. mars var Einar Árnason hagfræðingur BSRB með erindi þar sem hann fjallaði um kjarasamninga á almenna markaðnum. Í apríl kom Sigurður Jóhannesson hagfræðingur og flutti erindi um efnahagsmálin. Síðan vann fulltrúaráðið í hópum og fjallaði um mismunandi þætti úr kjarasamningi.

Á maí fundi ráðsins var fjallað um jafnréttismál en gestur fundarins var Kristín Ástgeirsdóttir forstýra jafnréttisstofu.

Á fulltrúaráðsfundi í september var Hallur Páll Jónsson mannauðsstjóri Reykjavíkur með erindi og Helga Jónsdóttir hagfræðingur og framkvæmdastjóri BSRB með stutt innlegg um stöðuna í efnahagsmálum. Ragnar Ingimundarson hagfræðingur BSRB kynnti reiknivél, sem er í smíðum fyrir vef BSRB.

Á fundi ráðsins í október var farið yfir þau markmið sem samninganefndir félagsins höfðu unnið að fyrir gerð kjarasamninganna. Einar Árnason hagfræðingur BSRB var með innlegg um kjaramál.

Á fundi í nóvember upplýsti Garðar Hilmarsson formaður fulltrúaráðið um stöðuna í kjarasamningsviðræðum við viðsemjendur. Ögmundur Jónasson formaður BSRB fjallaði um stöðuna í þjóðfélaginu í dag. Sköpuðust miklar umræður í kjölfar erindisins.

Tvær ályktanir voru samþykktar á fundinum. Í þeirri fyrri var skorað á Reykjavíkurborg að ganga sem fyrst til samninga og í þeirri seinni var því hafnað að launafólk væri látið

bera herkostnaðinn af óráðsú og brúðli undanfarinna ára og þess krafist að rannsakad yrði hverjir væru ábyrgir fyrir hruni efnahagslífsins og leitt væri í ljós hvernig fjármunum þjóðarinnar hefði verið sóað.

Síðasti fundur fulltrúaráðsins á árinu var haldinn 11. desember og þar var farið yfir þá kjarasamninga sem búið var að undirrita við Reykjavíkurborg, Strætó bs. og Akraneskaupstað. Garðar sagði að þeir væru sambærilegir við þá samninga sem gerðir voru í vor, þ.e. 20.300 króna hækkun á launatöflu. Gunnar Rúnar Matthíasson hélt mjög áhugavert erindi þar sem hann talaði m.a. um mikilvægi stéttarfélaga og hversu mikill styrkur fælist í því fyrir launþega að geta leitað til þeirra á tímum sem þessum. Hann minntist einnig á að nú væru runnir upp nýir tímar þar sem hagræn gildi væru ekki lengur ráðandi og því ætti einfaldleiki og boðskapur jólanna einkum vel við. Hann endaði erindi sitt á þeirri ósk að þessi jól mættu vera mannvænni og hógværi en jólin undanfarin ár.

Kjaramál



Barna fær samninganefndin að finna á eigin beinum hvað samvinna er mikið auðveldari en einkaframtakið.

Kjarasamningar við alla viðsemjendur félagsins voru lausir á árinu þannig að segja má að megin starf félagsins hafi verið kjarasamningsgerð og allur sá undirbúningur sem það verkefni kallar á. Samninganefndir voru skipaðar snemma árs og hófu strax vinnu við öflun gagna og annan undirbúning fyrir það mikla verkefni sem beið, að gera kjarasamninga við alla viðsemjendur félagsins. Samninganefnd fór í byrjun september á námskeið á Úlfjótuvatni í tvo daga, mjög gagnlegt námskeið þar sem lögð var áhersla á að auka traust innan hópsins og æfa fólk í að vinna saman í hópum. Félag innan BSRB sameinuðust í kjarasamningsviðræðum við ríkið og voru undirritaðir kjarasamningar 25. maí, að undanskildum háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum innan félagsins en samkomulag náðist vegna þeirra í byrjun júlí. Kjarasamningur við Félagsbústaði hf. var undirritaður 24. júní. Kjarasamningar við Orkuveitu voru undirritaðir 3. júlí.



Undirritað samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningum við Reykjavíkurborg

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og viðsemjendur, vegna þeirra kjarasamninga sem runnu út 31. október og 31. nóvember, gerðu með sér samkomulag um breytingu og framlengingu á kjarasamningum. Þetta voru Reykjavíkurborg, Launanevnd sveitarfélaga vegna starfsmanna Akraneskaupstaðar, Faxaflóahafnir sf., Strætó bs. og við LN vegna félagsmanna hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Allir þessir kjarasamningar, utan Faxaflóahafna samninga, eiga það sameiginlegt að gildistími er til 31. ágúst 2009, gildistími á kjarasamningi við Faxaflóahafnir er til 31. mars 2011. Í yfirlýsingu með samningunum kemur fram að aðilar munu taka þátt í viðræðum aðila á vinnumarkaði um aðgerðir og að ef um einhverjar kjarabætur

verði að ræða muni þær koma til félagsmanna á sama tíma og annarra á vinnumarkaði.

Mánaðarlaun dagvinnu hækkuðu um 20.300 kr. Annað sem fjallað var um var persónuuppþót, orlofsuppþót, fjölgun daga vegna veikinda barna, iðgjald launagreiðanda í Fjölskyldu- og styrktarsjóð auk ýmissa bókana sem fylgdu framlengingu og samkomulagi sem gert var.



Samninganefnd vegna félagsmanna hjá Akraneskaupstað og starfsmenn.

Starfskjaranefnd Reykjavíkurborgar og St.Rv. skipa: Frá R.borg, Hallur Páll Jónsson formaður, Árni Ragnar Stefánsson og Ingunn Gísladóttir. Frá St.Rv. Garðar Hilmarsson, Einar Ólafsson og Ragnhildur Helgadóttir. Nefndin hélt 4 bókaða fundi á árinu.

Í starfskjaranefnd við Strætó bs. sitja: Reynir Jónsson, Hörður Gíslason og Guðmundur Sigurjónsson frá Strætó bs. Frá St.Rv.: Garðar Hilmarsson, Jóhannes Gunnarsson og Jónas Engilbertsson en skipti urðu í haust og Ingunn Guðnadóttir kom í stað Jóhannesar.

Í starfskjaranefnd við OR sf. eru: frá St.Rv.: Garðar Hilmarsson og Víglundur Rúnar Jónsson og frá OR sf.: Skúli Waldorff og Óskar Norðmann.

Í starfskjaranefnd St.Rv. og Akraneskaupstaðar eiga sæti: Frá St.Rv.: þau Garðar Hilmarsson, Ingveldur Jónsdóttir og Hafdís Sigurbjörnsdóttir og frá Akraneskaupstað: Karen Jónsdóttir, Haraldur Helgason og Jón Jónsson.

Í samstarfsnefnd við Fjármálaráðuneytið er Gunnar Ingi Jónsson fulltrúi St.Rv.

Fréttir af Starfsmati

Starfsmatsnefnd fundaði reglulega á árinu aðra hverja viku fram á haust en þá varð hlé vegna kjarasamningsviðræðna, sem flestir í nefndinni tóku þátt í. Á árinu var unnið að endurmati á handbók fyrir starfsmatið. Starfsmenn starfsmatsins eru tveir Ingi Geir Hreinsson verkefnisstjóri og Steinvör Laufey Jónsdóttir.

Starfsaðstaða starfsmatsins var flutt síðastliðið haust úr Tjarnargötu 10a í Ráðhús Reykjavíkur. Nokkrar óánægju gætti vegna þessara flutninga sem Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar kom á framfæri til mannauðsdeildar Reykjavíkurborgar.

Í samkomulaginu sem undirritað var í nóvember síðastliðinn við Reykjavíkurborg var nokkuð ýtarleg bókun um starfsmatið sem fól

meðal annars í sér að aukin yrði kynning á starfsmatinu fyrir starfsmenn borgarinnar, trúnaðarmenn og stjórnendur borgarinnar. Starfsmatsnefnd hefur í kjölfar kjarasamninga unnið að kynningaráætlun fyrir árið 2009 fyrir stjórnendur og fulltrúa St.Rv. Þá hefur starfsmatsnefnd komið sér upp vinnureglum um endurmat á störfum sem ekki hafa hlotið endurmat eða aðra endurskoðun á síðustu fimm árum.

Námsferð starfsmatsráðgjafa til Englands sem var fyrirhuguð fyrir lok mars 2008 var aldrei farin, hinsvegar er unnið í því með Englendingum að uppfæra hugbúnað starfsmatskerfisins en það verk hefur gengið fremur hægt aðallega vegna erfiðleika við yfirfærslu á íslensku.

Erlent samstarf



Þátttakendur í Genfarskólanum sumarið 2008

NTR Samtök opinberra starfsmanna á Norðurlöndum er einnig vettvangur þar sem BSRB lætur til sín taka. Innan NTR hafa m.a. farið fram umræður og skoðanaskipti um kjarasamninga, skipulag velferðarþjónustunnar og önnur málefni sem einkum snertir starfsfólk í almannajónustu. Árlega efna samtökin til ráðstefnu um tiltekin efni og í sumar var ráðstefnan haldin í Svendborg í Danmörku þar sem viðfangsefnið var alþjóðavæðing. Ráðstefnuna sóttu frá Íslandi þau Garðar Hilmarsson, Ögmundur Jónasson, Elín Björg Jónsdóttir og Guðmundur G. Guðmundsson. Ögmundur Jónasson formaður BSRB situr í stjórn NTR. Varamaður Ögmundar í stjórn NTR er Elín Björg Jónsdóttir varaformaður BSRB og formaður FOSS.

Þá er BSRB aðili að NFS, heildarsamtökum norrænu verkalyðshreyfingarinnar. Í stjórn þeirra samtaka eiga sæti þrír Íslendingar, einn frá BSRB og tveir frá ASÍ. Ögmundur Jónasson er fulltrúi BSRB og varamaður hans þar er Árni Stefán Jónsson formaður SFR. Ennfremur á BSRB aðild að ETUC, evrópusambandi verkalyðsfélaga, þar er fulltrúi BSRB Ögmundur Jónasson og Garðar Hilmarsson varamaður.

BSRB hefur sent fulltrúa í Genfarskólann til fjölda ára. Þetta árið fór Jakobína Þórðardóttir framkvæmdastjóri St.Rv. Námið hófst með

vinnuhelgi í Svíþjóð, vefnámi í 6 vikur og svo er stærsti hluti námsins þátttaka í árlegu þingi Alþjóða vinnuálastofnunar, sem haldið er í júní ár hvert í Genf. ASÍ sendir líka einn fulltrúa, en það var Georg Páll Skúlason formaður Félags bókagerðarmanna.

St.Rv. er beinn aðili að Norræna flutningaverkamannasambandinu (NTF) fyrir hönd Vagnstjóra hjá Strætó bs. NTF eru norræn samtök stéttarfélaga starfsmanna með um 400.000 meðlimi, sem starfa við hverskonar flutninga á fólki og/eða vörum á sjó, landi og í lofti. Jónas Engilbertsson stjórnarmaður hefur fylgst með þessum málum og farið yfir þau gögn sem berast. Enginn deildarfundur var sóttur héðan á árinu.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, í samstarfi við SFR og Kjöl -stéttarfélag í almannajónustu sóttu um Leonardo styrk, sem var á vegum Fræðslusetursins Starfsmenntar, til námsferðar með það að leiðarljósi að kynna sér starfsmenntun, símenntun og menntun fyrir trúnaðarmenn/fulltrúa. Í ferðinni voru Jakobína Þórðardóttir frá St.Rv., Jóhanna Þórdórsdóttir frá SFR og Arna Jakobína Björnsdóttir frá Kili. Heimsóttir voru skólar og fræðsluáðilar í Danmörku og í Finnlandi. Lagt var af stað með fimm daga þéttskipaða dagskrá sem tókst mjög vel til með, skýrsla hefur verið kynnt fyrir Fræðslusetrinu Starfsmennt.

Styrktarsjóður BSRB

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar er aðili að Styrktarsjóði BSRB sem stofnaður var með samkomulagi við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga og hóf sjóðurinn starfsemi 1. janúar 2001.

Samkvæmt samkomulaginu námu iðgjaldagreiðslur 0,3 % af heildarlaunum launþega þeirra aðildarfélaga sem að sjóðnum standa, en frá og með 1. janúar 2005 hækkuðu iðgjaldagreiðslur í 0,37% af heildarlaunum. Úthlutanir styrkja úr sjóðnum hófust í janúar 2002.

Í stjórn sjóðsins eru: Garðar Hilmarsson St.Rv., formaður stjórnar, Kristín Á. Guðmundsdóttir Sjúkraliðafélaginu (SLFÍ), Guðbjörg Antonisdóttir Kili, Torfi Friðfinnsson Félagi op.starfsmanna á Suðurlandi (FOSS), Þórveig Þormódsdóttir Fél.starfsm. stjórnarráðsins, ritari stjórnar. Varamenn eru Gunnar Richardsson St.Garðabæjar og

Guðlaugur Magni Davíðsson Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS).

Á aðalfundi sjóðsins sem haldinn var í desember s.l. flutti formaður, Garðar Hilmarsson skýrslu stjórnar. Í máli hans kom m.a fram að Styrktarsjóður BSRB hefur verið í mikilli og stöðugri sókn og sést það vel af fjölgun umsókna á milli ára og aukningu útgjalda frá stofnun sjóðsins. Árið 2005 hóf sjóðurinn að styrkja tannlækna-kostnað og á árinu 2006 kaup á heyrnartækjum og var tannlækna-kostnaður stærsti útgjaldaliðurinn á árunum 2005 og 2006. Gífurleg aukning úthlutana vegna sjúkradagpeninga gera það að verkum að á fyrstu mánuðum ársins 2007 hefur sjóðurinn greitt meira vegna sjúkradagpeninga en vegna tannlækna-kostnaðar. Ef lítið er á helstu ástæður þeirrar þróunar sem orðið hefur ber fyrst að nefna að félagsmenn og

stuðningsaðilar í heilbrigðiskerfinu eru betur upplýstir um þetta úrræði. Fleiri hafa notið veikindaréttar að fullu, eða í þrjá mánuði. Tekjudreifing er meiri og fleiri með hærri laun, körlum í hópnum hefur fjölgað. Ekkert bendir til annars en útgjöld vegna þessa málaflokks komi til með að aukast á næstu misserum miðað við óbreyttar reglur. Allar upplýsingar um sjóðinn, reglugerð, úthlutunarreglur og annað er að finna á vefsíðunni www.styrktarsjodur.bsrb.is

Starfsmenn sjóðsins eru þau: Ástríður Jónsdóttir, Lilja Ómarsdóttir og Ólafur Bjarni Andrússon forstöðumaður.

Fyrir hönd félagsmanna í St.Rv. eru þeim færðar allra bestu þakkir fyrir frábæra þjónustu við félagsmenn og lipurð í samskiptum.

Starfsmenntunar og Vísindasjóður

Stjórn Starfsmenntunarsjóðs setti sér í upphafi árs að halda úthlutunarfundi örar en áður hefur tíðkast og stefna á að vera með fund í lok hvers mánaðar yfir vetrartímann.

Á starfsárinu voru haldnir 11 fundir og samþykktar 629 umsóknir og úthlutað var rúmum 28 miljónum.

Stjórnina skipa: Frá Reykjavíkurborg, Árni Ragnar Stefánsson og Emma Árnadóttir. Frá St.Rv., Jakobína Þórðardóttir og Sjöfn Ingólfssdóttir.

Félagsmenn hafa verið virkir í að sækja sér menntun af margvíslegum toga, þar má nefna starfsmenntun, almenna framhalds-skólamenntun, ýmis fagnámskeið, tungu-

mál, tölvunámskeið og fleira. Fjöldi félagsmanna sækir um styrki til að stunda háskólanám.

Starfsþróunarsjóður hóf úthlutun á árinu. Stjórnina skipa: Frá Reykjavíkurborg, Árni Ragnar Stefánsson og Emma Árnadóttir.

Frá St.Rv., Jakobína Þórðardóttir og Garðar Hilmarsson. **Á starfsárinu voru samþykktar 4 umsóknir vegna fjölda félagsmanna upp á tæpar 6 miljónir.** Bókun var gerð í kjarasamningi í lok árs um sameiningu Starfsmenntunar- og Starfsþróunarsjóðs.

Stjórn Vísindasjóðs hélt tvo fundi á árinu,

eins og reglugerð mælir fyrir um.

Stjórnina skipa: Garðar Hilmarsson, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir og Ólöf Ámundadóttir

Úthlutað var 230 styrkjum að upphæð tæplega 24 miljónum.

Aðild að þessum sjóði eiga eingöngu þeir sem hafa háskólamenntun og að viðkomandi menntunar sé krafist í því starfi sem þeir gegna.

Hér gildir það sama og um Starfsmenntunarsjóðinn, metnaður félagsmanna til aukinnar menntunar lýsir sér í fjölbreyttu námsvali þeirra.

Gunnar Ingi Jónsson, er starfsmaður beggja sjóðanna. gunnaringi@strv.bsrb.is

Ársfundir lífeyrissjóða

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) var haldinn 20. maí 2008 í húsakynnum sambandins.

Dagskrá fundarins var samkvæmt samþykktum sjóðsins. Formaður stjórnar, Karl Björnsson flutti skýrslu stjórnar og Jón G. Kristjánsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningum, fjárfestingastefnu og öðrum þáttum í rekstri sjóðsins á liðnu starfsári.

Fulltrúar BSRB í stjórn LSS eru, Elín Björg Jónsdóttir og Garðar Hilmarsson og til vara Ögmundur Jónsson og Björg Bjarnadóttir.

Aðrir í stjórn: Halldóra Friðjónsdóttir frá BHM, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson frá Sambandi Ísl. sveitarfélaga og Kristbjörg Stephensen frá Reykjavíkurborg.

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) var haldinn 27. maí 2008 í húsakynnum BSRB að Grettisgötu 89.

Jón G. Kristjánsson framkvæmdastjóri flutti ársskýrslu sjóðsstjórnar og kynnti ársreikninga, fjárfestingarstefnu stjórnar og tryggingafræðilega athugun.

Fulltrúar Reykjavíkurborgar í stjórn eru: Alfreð Þorsteinsson formaður, Björk Vilhelmsdóttir og Benedikt Geirsson og fulltrúar St.Rv. Garðar Hilmarsson og Sjöfn Ingólfssdóttir.

Ársfundir sjóðanna eru auglýstir í dagblöðum og í öðrum fjölmiðlum með góðum fyrirvara og þeir eru opnir öllum sjóðsfélögum.

Starfsemi sjóðanna er að Vegmúla 2, sími 540-0700 og vefsíðan er www.lss.is.

Orlofsheimili



Frá menningarhátíð í Munaðarnesi

Úlfjótuvatn hefur verið vinsælt og aðsókn sívaxandi, enda hafa húsini verið þar í stöðugri endurnýjun fyrst með heitum pottum og stækkun sex húsa 2004 og nú í sumar var farið í endurnýjun í þremur minnstu húsunum með því að skipta um eldhúsinnréttingar, þá voru sett upp lítil útihús á palla fyrir grill og útihúsgögn við öll húsini. Þá var sérstaklega unnið að ræktun lands enda kominn garðyrkjufræðingur á svæðið og t.d. var settur upp sérstakur gróðurreitir á svæðinu sérstaklega ætlaður fyrir börn dvalargesta, þar sem plantað var í einu sinni í viku í sumar við mikla ánægju barnanna sem tóku þátt í gróðursetningunni ásamt foreldrum og aðstandendum. Nýir staðarhaldarar Sigríður Elísabet Sigmundsdóttir og Pétur Ingi Frantzson tóku við á vordögum af þeim Aðalbjörgu Jónsdóttur og Guðmundi Vigni Sigurbjarnasyni sem hafa verið staðarhaldarar á staðnum til fjölda ára og alltaf staðið vaktina af alúð og þjónustulund og er þeim kærlega þakkað fyrir og óskað velfarnaðar á nýjum slóðum.

Akrakot er sumarhús sem kom til félagsins með sameiningu við Akranes. Húsið var vel nýtt af félagsmönnum í sumar og vetur, sérstaklega voru félagsmenn í Reykjavík duglegir að sækja um þar sem um nýjung var að ræða fyrir þá. Stjórn orlofsnefndar samþykkti fyrir sumarútleigu að í húsinu mætti vera með gæludýr. Í haust var farið í að endurnýja húsgögn í stofu. Þá hefur verið samið við landeigendur á Efri Reykjum um eftirlit með húsinu þau Gunnar Ingvarsson og Kristínu Johansen. Verið er að ganga frá kaupum á landinu, sem húsið stendur á en það stendur á leigulandi og rann samningur út á árinu 2008.

Akrasel er líka sumarhús sem kom til félagsins við sameiningu við Akranes. Húsið stendur á frábærum útsýnisstað við Álftavatn í Grímsnesi og hefur verið vel nýtt af félagsmönnum bæði í sumar- og vetrarleigu. Umsjónarmenn með húsinu eru staðarhaldarar á Úlfjótuvatni.

Norðurás er sumarhús sem kom frá Akranesi. Hús þetta eins og önnur hús er vel nýtt bæði í sumar- og vetrarleigu. Húsið stendur á fallegum stað í Svinadal gegnt Vatnaskógi og hafa félagsmenn verið nokkuð ánægðir með aðstæður, en komið er að endurnýjun húsgagna o.fl. unnið er að því.

Munaðarnes orlofshús félagsins í Munaðarnesi voru frekar vel nýtt af félagsmönnum og ekki síst yfir veturinn. Á orlofssvæðinu var unnið á síðasta ári við viðhald ýmiskonar á svæðinu og sett upp þrjú leikbretti (trambólín) í jafn mörgum hverfum. Þá setti Orkuveita Reykjavíkur upp útsýnisskífu í Stóruskógum. Þá var tjaldsvæðið opnað aftur vegna fjölda áskorana, en það var ekki í notkun 2007, en aðstaða þar mætti vera betri.

Á árinu vann þriggja manna starfshópur í því að endurskipuleggja rekstur orlofsbyggða í Munaðarnesi og á Eiðum. Starfshópurinn var skipaður á aðalfundi BSRB haustið 2007 og sátu í honum formaður St.Rv. Garðar Hilmarrsson, ásamt Árna Stefáni Jónssyni (SFR) og Örnú Jakóbínu Björnsdóttur (Kili). Nefndin skilaði af sér tillögum fyrst í maí sem voru síðan betur útfærðar og lagðar fram á aðalfundi BSRB í október s.l. og samþykktar á framhaldsaðalfundi í desember. Megin niðurstöður aðalfundar BSRB voru þær að breyta rekstrarfyrirkomulagi Orlofsheimila BSRB þannig að úr yrðu tvö rekstrarfélög, þ.e. eitt um Munaðarnes og annað um Eiða, þar sem félögin tækju til sín hús og greiddu fyrir þau og stofnuðu um þann rekstur sjálfstæð rekstarfélög. En stofnaður yrði Eignarsjóður BSRB um Stóruskóga, og ákveðnar aðrar eignir í landi Munaðarness Tillögur þessar tóku gildi 1. Janúar s.l. St.Rv mun á þessu ári yfirtaka alls 8 hús til eignar.

Sumarstarfið í Munaðarnesi byrjaði á hinni árlegu menningarhátíð BSRB, en húsfyllir var við opnun laugardaginn 7. Júní. Formaður BSRB Ögmundur Jónasson, hélt stutt ávarp og bauð gesti velkomna, þegar myndlistarsýning Soffíu Sæmundsdóttur, Sumarganga, var opnuð. Hátíðargestir skemmtu sér konunglega við upplestur Þórarins Eldjárns á ljóðum sínum og tónlistaratriðum. Hallveig Rúnarsdóttir söng lög Tryggva M. Baldvinssonar við ljóð úr Heimskringlu Þórarins Eldjárns við undirleik Hrannar Þráinsdóttur og Freyjukórin söng undir stjórn og undirleik Zsuzönnu Budai. Að dagskrá lokinni var boðið upp á léttar veitingar í Kaffi Paradís. Sýningin Sumarganga var opin til 1. Október 2008.

Eiðar orlofssvæðið á Eiðum er alltaf mjög vinsælt, en þar er nú mest þörf á viðhaldi, eins og fram kom í síðustu skýrslu. Gerð var úttekt af fagaðilum á ástandi svæðisins í heild sinni 2007 og á vordögum var gert ráð fyrir að fara í vegaframkvæmdir á svæðinu til að betra væri að komast að húsunum til viðhalds, en ekki hefur orðið af því ennþá.

Þá verða miklar breytingar á rekstri orlofssvæðisins Eiða eins og fram kemur í kaflanum um Munadarnes á árinu 2009. En ljóst er að fara verður í lagfæringar á húsunum og mun St.Rv. leggja áherslu á að farið verði í innahúsviðhald og pallaviðgerðir í samstarfi við nýtt rekstrarfélag Eiða og standa vonir okkar til að þeim framkvæmdum verði lokið fyrir orlofsúthlutun í sumar.

Hrísalundur 2e St.Rv. hefur átt íbúðina frá 1996 og hafði þá verið



Lára og Ása vinna baki brotnu við samsetningu húsgagna og frágang á íbúð eftir gagngerar endurbætur.



Badherbergið endurnýjað í hólf og gólf

með hana á leigu í eitt ár. Íbúðin hefur verið vel nýtt bæði yfir sumartíma sem vetur. Ákveðið var að fara í endurbætur á íbúðinni, enda lítið verið gert fyrir íbúðina á þessum árum. Byrjað var á framkvæmdum í september og var þeim lokið nú í janúar. Segja má að íbúðin hafi farið í endurnýjun lífdaga. Ljóst var að kominn var tími til að mála, endurnýja þurftu badherbergi og eldhús og skipta þurftu um hurðir. Í ljós kom að þegar hurðir voru teknar í burtu varð að skipta um gólfefni þar sem meira mál var að gera við gamalt parket en leggja nýtt og var það gert. Þá var tími kominn á húsgögn og var þar nokkur endurnýjun. Það má með sanni segja að hér hafi vel tekist til og að íbúðin sé eins og ný.

Aðrir staðir: St.Rv. er með á leigu eða skipti á húsnæði á nokkrum stöðum aðallega yfir sumartímann.

Krossholt á Barðaströnd var í fyrsta sinn í boði á árinu 2008 og leigðust allar vikur út strax.

Súðavík félagið hefur nú í nokkur ár boðið til leigu íbúð á Súðavík og er með hverju ári vinsælla.

Hafnarstræti 7, Akureyri hefur líka verið í boði undanfarin ár og mikil eftirspurn, en félagið bauð félagsmönnum það til leigu nú í allan vetur meðan Hrísalundur var í endurnýjun. Áður hefur félagið haft aðgang að leigu yfir vetrartíma ef húsnæðið hefur verið laust, en við höfum ekki haft fasta leigu áður yfir vetrartímann

Tröllagil 29, Akureyri var leigusamningur sem kom frá Akranesi og var góð nýjung og vel nýtt.

Arnarfell í Eyjafirði, það hús kom inn eftir að orlofhús fóru í auglýsingu, leiga var samt nokkuð góð, og nutu félagsmenn sveitakyrndarinnar.

Illugastaðir St.Rv. hafði þar 2 hús sem eru í eigu Einingar-Íðju og þóttu koma vel út.

Huldulundur í Aðaldal St.Rv. leigir sumarhús þetta yfir sumartímann og er sívinsælt.

Einarsstaðir St.Rv. hafði þar hús frá AFLI starfsgreinafélagi austurlands, en austurland hefur ætíð sitt aðdráttarafl.

Ásar í Skaftártungum St.Rv. var í samstarfi við Kjöl Stéttarfélag um aðra hverja viku og komust færri að en vildu.

Þórisstaðir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar gerði aftur samning við Íslenska járnblendifélagið um aðgang að tjaldstæði þeirra að Þórisstöðum í Svínadal ásamt veiðileyfi í vötnunum í kring. Af þeim félagsmönnum sem félagið heyrði í og nýttu sér aðstæður var gerður góður rómur að þessum möguleika. Félagsmenn í St.Rv. fá frítt að tjalda og veiða á svæðinu gegn framvísun félagskírteinis.

Hótelmiðar – Gangnamiðar St.Rv. bauð upp á niðurgreidda miða á Edduhótel, FOSS-hótel og Flugleiðahótel á árinu eins og áður. Ennfremur miða í Hvalfjarðargöngin, en hægt er að kaupa staka miða á kostnaðarverði. Félagið verður áfram með þessa miða sem hægt er að kaupa bæði á skrifstofu félagsins í Reykjavík og á Akranesi.

Iceland Express St.Rv. var annað árið í röð með niðurgreidd gjafabréf/flugávísanir frá Iceland Express, enda náði félagið í ársbyrjun góðum samningi við þá. Boðið var upp á þrefalt fleiri miða heldur en boðnir voru árið á undan og runnu þeir allir út þrátt fyrir að seinni úthlutunin hafi verið á mjög svo óhentugum tíma í byrjun bankahruns. Árið á undan og í fyrri úthlutun var dregið úr þeim umsóknum sem bárust en við þá síðustu gátu þeir fengið miða sem óskuðu eftir þeim. Ákveðið hefur verið að vera með gjafabréf/flugávísanir áfram á árinu 2009 en ekki í sama magni árið 2008, enda hafa ekki náðst eins góðir samningar þar sem félög innan BSRB, sem voru með á síðasta ári verða ekki með nú eða taka færri gjafabréf/flugávísanir en áður.

Útgáfumál



Útgefin Fréttabréf St.Rv. voru fimm á árinu. Í Fréttabréfinu er leitast við að vera með margháttaðan fróðleik, viðtöl, greinar og upplýsingar um fundi, námskeið, orlofsmál og ýmislegt, sem ritnefnd telur að vekji áhuga félagsmanna.

Í ritnefnd eru Dagný Guðmundsdóttir starfsmaður Árbæjarsafns, Ragnhildur Helgadóttir varaformaður St.Rv. og Jón Ingi Hilmarsson starfsmaður

LSH og stjórnarmaður. Á árinu urðu

breytingar á ritnefnd þannig að Ragnhildur

hætti og Guðrún Árnadóttir stjórnarkona kom inn og svo

var ákveðið að fjölga í ritnefnd og stjórn tilnefndi þau Stefán Pálsson og Jónínu Óskarsdóttur í nefndina. Jakobína Þórðardóttir,

framkvæmdastjóri St.Rv. er ritstjóri Fréttabréfsins og Garðar Hilmarsson formaður St.Rv. ábyrgðarmaður.

Tímavinnubókin 2009 var send öllum félagsmönnum í ársbyrjun. Bókin er í litlu handhægu broti og inniheldur, auk dagatala, ýmsar upplýsingar og fróðleik um starfsemi félagsins.

Heimasíða félagsins - www.strv.is - stækkar stöðugt og nýting hennar eykst. Þar er að finna upplýsingar um starfsemi félagsins, s.s. alla kjarasamninga, launatöflur, reglugerðir, upplýsingar um fulltrúa/trúnaðarmenn, orlofshús, námskeið. Stöðugt eykst notkun á rafrænum umsóknum bæði í sjóði, orlofshús og á námskeið sem félagsmönnum stendur til boða.

Heimasíðan er því afar mikilvæg upplýsingaveita og er sívaxandi þáttur í almennri þjónustu við félagsmenn.

Félagsmenn eru hvattir til þess að koma með tillögur um efni á heimasíðu til ritstjóra hennar á netfangið: jakobina@strv.bsrb.is

Fræðslumál

Fræðslunefnd félagsins hefur fundað reglulega á árinu og skipulagt námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn undir heitinu Gott að vita. Framboðið eykst stöðugt og voru haldin 14- 15 námskeið og/eða fyrirlestra á hvorri önn, haust og vor. Námskeiðin og fyrirlestrarnir eru mjög fjölbreytt og lagður er metnaður í að bjóða upp á eitthvað nýtt milli ára/anna. Samt sem áður hafa sum námskeið verið það vinsæl meðal félagsmanna að þau hafa fest sig í sessi, má þar m.a nefna "Ljósmyndanámskeiðið", "Skapandi skrif" og Stafgöngunámskeiðin sem hafa verið fullbókuð og færri komast þar að en vilja.

Fræðslunefnd félagsins skipa þau Guðríður Sigurbjörnsdóttir og Ingvaldur Jónsdóttir úr stjórn félagsins en úr fulltrúaráði eru það Kjartan G. Ingvason, Ingibjörg Ólafsdóttir, Magnús A. Sveinbjörnsson, Ólafur Benediktsson, Ólöf Ragna Ámundadóttir, Lovísa Guðmundsdóttir, Ingunn Guðnadóttir, Dagný Guðmundssóttir, Stefán Bjarnason og Ingibjörg G. Viggósdóttir. Jakobína Þórðardóttir fór út sem fulltrúi stjórnar þegar hún hætti í stjórn á árinu en heldur áfram að vinna með nefndinni vegna starfa sinna hjá félaginu.

Farsælt samstarf er við SFR- stéttarfélag í almannaþjónustu í fræðslumálunum og hefur samstarfið gert félögumunum tveimur betur kleift að halda úti þessu fjölbreytta og og öflugum starfi.

Fræðslunefndin hefur fjallað um innihald námskeiðanna fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn **Samstíga til framtíðar**. Sú nýjung varð á árinu að BSRB í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu heldur nú öflugan trúnaðarmannaskóla. Í kjölfar þess fóru St.Rv. og SFR í endurskoðun á þeirri fræðslu, sem hefur verið í boði innan félaganna fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn. Á árinu héldu félögin fjögur námskeið á vorönn með gamla laginu, tvö grunn og tvö framhaldsnámskeið. En á haustönn höfðu námskeiðin verið endurskoðuð út frá nýju skipulagi fræðslunnar og voru haldin tvö slík námskeið.



Félagsmenn á námskeiði í stafgöngu sem fer að mestu fram í Laugardalnum



Framvegis, miðstöð um símenntun.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar er einn af þeim aðilum sem stóð að stofnun Framvegis auk BSRB, SFR stéttarfélags í almannaþjónustu og Sjúkraliðafélags Íslands en þessir aðilar eiga um 49% í félaginu en meðeigandi er Verzlunarskóli Íslands.

Framvegis er sjálfstætt fræðslufyrirtæki sem vinnur í samstarfi við ýmsa fræðsluaðila svo sem ýmsa framhaldsskóla, Fræðslusetrið Starfsmennt, Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins, og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar landsins.

Lögð er sérstök áhersla á nám í skrifstofustörfum, verzlunar- og þjónustustörfum, auk náms fyrir Sjúkraliða og aðrar heilbrigðisstéttir.

Stjórn Framvegis skipa: Ingi Ólafsson sem er formaður og Sigurlaug Kristmannsdóttir, f.h. Verzlunarskóla Íslands. Jakobína Þórðardóttir og Birna Ólafsdóttir f.h. BSRB og varamenn eru Jóhanna Þórdórsdóttir og Þorkell Diego.

Sölvi Sveinsson lét af formennsku í stjórn á árinu og eru honum þökkun góð störf í þágu miðstöðvarinnar. Árni Guðmundsson sem hefur verið framkvæmdastjóri Framvegis lét af störfum um áramótin 2008-2009 og þökkum við honum góð störf og samvinnu. Nýr framkvæmdastjóri tók til starfa undir lok árs en það er Guðmunda Smáradóttir og óskum við henna velfarnaðar í nýju starfi.

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir verkefnastjóri er nú í fæðingarorlofi en aðrir starfsmenn eru Elsa Björk Ásmundsdóttir skrifstofustjóri og Ragnhildur B. Bolladóttir verkefnastjóri. www.framvegis.is

Fræðslusetrið Starfsmennt er fræðslusetur sérstaklega ætlað ríkisstarfsmönnum. Setrið vinnur að þróun á starfstengdu námi, starfsþróunarverkefnum og býður upp á margskonar þjónustu og ráðgjöf við stofnanir ríkisins.

Hulda A. Arnljótsdóttir er framkvæmdastjóri setursins en auk hennar eru tveir starfsmenn í fullu starfi, þær Björg Valsdóttir og Guðbjörg Sigurðardóttir en Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir lét af störfum um mitt ár.

Ríkisstarfsmönnum aðildarfélaganna stendur til boða að sækja námskeið Starfsmenntar án endurgjalds en félagsmönnum aðildarfélaganna sem ekki eru ríkisstarfsmenn stendur til boða að sækja um námskeið en þurfa að greiða fyrir þátttöku sína. Félagsmenn eru hvattir til þess að skoða og fylgjast með því sem er á döfinni og sækja það nám sem kemur þeim að bestum notum.

Fræðslusetrið fékk á árinu verðskuldaða viðurkenningu Starfsmenntaráðs 2008 í flokki skóla og fræðsluaðila vegna verkefnisins Járnsíða sem unnið er í samvinnu

við Félag sýslumanna en það er eitt af fjölmörgum námstilboðum sem setrið hefur skipulagt og hannað í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur stofnana. Fjallað var um þetta í fréttabréfi félagsins í desember sl. Fræðslusetrið tók til starfa á grunni bókana í kjarasamningum árið 2001 milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins annars vegar og St.Rv., SFR, Kjarna og Samflots sex bæjarstarfsmannafélaga hinsvegar. Eftirtaldir skipa stjórn: Árni Stefán Jónsson, formaður setursins og Arna Jakobína Björnsdóttir voru skipuð f.h. stéttarfélaganna, varamenn þeirra eru Jóhanna Þórdórsdóttir og Þórveig Þormóðsdóttir.

Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður setursins og Ásgeir M. Kristinsson skipaðir f.h. fjármálaráðuneytisins, varamenn þeirra eru Ásta Lára Leósdóttir og Sverrir Jónsson.

Veffang setursins er: www.smennt.is

Sumarferð eftirlaunafólks



Hin árlega sumarferð lífeyrisþegadeildar St.Rv. var 21. og 22. júní. Á laugardeginum var farið um Suðurlandsundirlendi og að Vík í Mýrdal þar sem ferðalangar snæddu nesti. Næst var farið að Jökulsárlóni og síðan var keyrt til baka að Skógum og gíst á Eddu Hótelinu þar. Á sunnudeginum var snæddur morgunverður af hlaðborði hótelsins og safnahúsin að Skógum skoðuð. Á bakaleiðinni

var stoppað í Hellisheiðarvirkjun þar sem Orkuveita tók vel á móti ferðalöngunum, var með glæsilega sýningu og veitingar. Formaður St.Rv. Garðar Hilmarsson kom og heilsaði upp á hópinn og þakkaði fyrir hönd hópsins fyrir glæsilegar móttökur.

Þórunn Þórðardóttir var leiðsögumaður, eins og undanfarin ár og stóð sig að vanda frábærlega.

Jólaball



Jólaball Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og SFR var haldið á Hótel Sögu, Súlnasal og hefur aðsókn ekki verið meiri í fjölda ára. Það var glaðlegur hópur sem dansaði í kring um jólatréð og söng. Jólaveinar komu í heimsókn, skemmtu og dönsuðu með gestum. Í lokin færðu jólasveinarnir börnum glaðning í poka.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur leikið stórt hlutverk síðastliðið ár bæði í kjarasamningsviðræðum og í kjölfar efnahagshrunsins í haust.

Aðildarfélag BSRB sameinuðust í kjarasamningsviðræðum við fjármálaráðuneytið á vordögum og kom formaður bandalagsins Ögmundur Jónasson inn í viðræður með félagunum og aðstoð frá hagfræðingum og framkvæmdastjóra bandalagsins stóð til boða.

Opnir fundir í kjölfar efnahagshruns.

BSRB fór af stað með öfluga opna fundi nú á haustdögum sem voru bæði upplýsandi og fróðlegir. Fjölmarginir fyrirlesarar voru kallaðir til og voru fundirnir alls 5 að tölu. Þeir voru flestir vel sóttir og sköpuðust kraftmiklar umræður á fundunum sem voru undir stjórn Helgu Jónsdóttur framkvæmdastjóra BSRB.

Heimasíða BSRB var tekin til gagnarrar endurskoðunar á árinu. Á ársfundi bandalagsins í október var nýja síðan opnuð. Markmiðið með endurskoðun var að gera allar upplýsingar sem aðgengilegar. Á síðunni er að finna nýjustu fréttir af starfsemi bandalagsins auk almennra upplýsinga um innviði bandalagsins, aðildarfélagin og kjarasamninga. Þar er að finna sérstakan réttindavef, lagavef, reglugerðir, samþykktir er varða kjör félagsmanna og vefnám fyrir trúnaðarmenn.

Á skrifstofu BSRB er rekin viðamikil starfsemi. Starfsmenn þar veita félagsmönnum upplýsingar og þjónustu hver á sínu sérsviði, þjónustu sem stendur öllum opin, jafnt einstökum félögum sem og félagsmönnum.

Á skrifstofu BSRB starfa, auk Ögmundar Jónassonar formanns þau: Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri, Drífa Valdimarsdóttir fjármálastjóri, Einar Árnason hagfræðingur, Ragnar Ingimundarson hagfræðingur, Ásthildur Torfadóttir afgreiðslufulltrúi, Þorleifur Óskarsson sagnfræðingur og Sigurður Á. Friðþjófsson fræðslu- og upplýsingafulltrúi, Jóhanna Þorbergsdóttir afgreiðslufulltrúi, Páll Hannesson alþjóðafulltrúi og Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur hóf störf í haust og bjóðum við hana innilega velkomna til starfa.

Öllu þessu góða fólki eru þökkúð frábær störf, fyrir hjálp, vinskap og góða þjónustu við St.Rv. og félagsmenn alla.



Alltaf fullt á starflokanaámskeiði BSRB

Trúnaðarmannafræðsla BSRB fór af stað á árinu en hún er haldin í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu. Þetta er einingabært nám á framhaldsskólastigi metið til 10 eininga.

BSRB hefur staðið fyrir fjölda námskeiða á þessu ári en boðið er upp á fimm þriggja daga námskeið. Auk þess stendur Fræðslunefnd BSRB fyrir reglulegum starflokanaámskeiðum sem alltaf eru fjölmenn og mikil ánægja með.

Réttindanefnd BSRB fundaði reglulega á árinu. Réttindavefi er haldið uppi (www.bsrb.is) en þar er að finna álit og niðurstöður réttindanefndar og annað sem nefndin fjallar um hverju sinni og þar er líka að finna svör við ýmsum spurningum sem félagsmenn hafa leitað með til skrifstofu BSRB.

Aðalfundur BSRB var haldinn þann 17. október s.l. Á fundinum áttu seturétt um 100 manns frá öllum aðildarfélögum bandalagsins og fylltu stjórnarmenn St.Rv. þar fulltrúatölu félagsins. Dagskrá fundarinnar var með hefðbundnu sniði samkvæmt lögum bandalagsins. Fulltrúar lífeyrissjóða opinberra starfsmanna, LSR, LSS og SL gerðu grein fyrir stöðu sjóðanna en óljóst var á þeim tíma um afdrif sjóðanna eftir efnahagshrunið.

Síðan var rædd staðan í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar og áhrif á kjarasamninga.

Í ályktun af aðalfundi BSRB kom fram að fundurinn hafnar því að almennt launafólk beri allan herkostnað af bruðli og óhófi undangenginna ára. Þá krefst fundurinn ítarlegrar rannsóknar sem leiði í ljós hverjir eru ábyrgir fyrir skuldsetningu

bankakerfisins og þar með þjóðarinnar. Einnig þarf að upplýsa um hvernig þessum fjármunum hefur verið ráðstafað í einkaþágu gæslumanna fjárens. en ályktunin ber yfirskriftina **Styrkjum innviðina - sannleikann í ljós**. Mikil umræða var í tengslum við ályktunina um stöðuna í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar og það ástand sem skapast hefur vegna skipbrots bankanna. Þá voru málefni lífeyrissjóðanna í brennidepli og fluttu þeir Haukur Hafsteinsson frá LSR, Guðmundur Pálsson frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, Kristján Sigurlaugsson frá LSS og Hrafn Magnússon frá Landssambandi lífeyrissjóða erindi um stöðu mála í einstökum sjóðum og almennt hjá lífeyrissjóðunum. Í lok fundar var kynnt tillaga að nýju rekstrarfyrirkomulagi orlofsbyggðar í Munaðarnesi og á Eiðum. Ekki náðist samstaða um þá tillögu og var ákveðið að boða til framhaldsaðalfundar og voru tillögurnar samþykktar með örhlitum breytingum á framhaldsaðalfundi í desember.

Í Félagamiðstöðinni á Grettisgötu 89 hefur starfið gengið vel eftir annasöm tvö ár á undan vegna breytinga á húsnæði sem tókst sérlega vel.

Stjórn hússins skipa: Púriður Einarsdóttir frá PFÍ formaður, Ása Clausen frá St.Rv. gjaldkeri, Steinar Adolfsson frá LL, Þórarinn Eyfjörð frá SFR og Helga Jónsdóttir frá BSRB. Við þökkum öllu þessu góða fólki þeirra störf. **Baldvin Júlíusson umsjónarmaður, Marina Jurjevna Zolotariova og Svava Karen Jónsdóttir matráðskonur fá þó alveg sérstakar þakkir fyrir frábær störf, umburðarlyndi og útsjónarsemi við oft á tíðum snúnar aðstæður.**

Lokaorð

Í skýrslunni hefur verið tekið saman það helsta sem hefur verið á döfni í félagsstarfinu á árinu 2008.

Á heimasíðu og Fréttabréfi félagsins, sem er gefið út reglulega, er að finna nánari umfjöllun um margt af því sem fjallað er um hér í skýrslunni.

Stjórnarmönnum, fulltrúum/trúnaðarmönnum og félagsmönnum öllum þakka ég ánægjulegt samstarf og fyrir hönd félagsmanna færi ég starfsmönnum félagsins alúðarþakki fyrir þeirra góðu störf.

Reykjavík í febrúar 2009

Garðar Hilmarsson

Aðalfundur St.Rv. 2009

Við undirbúning aðalfundar 2009, sem hafði verið ákveðinn fimmtudaginn 5. mars, kom í ljós að nýtt bókhaldskerfi, sem félag innar BSRB tóku í notkun á nýliðnu ári skilar ekki upplýsingum til ársuppgjörs fullkomlega.

Úrbætur eru í gangi hjá söluaðila kerfisins. Til að allrar varúðar sé gætt hefur stjórn St.Rv. ákveðið, í samráði við löggilta

endurskoðendur, sem setja upp reikningana að fresta aðalfundi félagsins um tvær vikur og verður hann því haldinn fimmtudaginn 19. mars n.k. kl. 17.00 að Grettisgötu 89, 1. hæð.

Stjórn St.Rv.



Aðalfundur

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar verður haldinn að
Grettisgötu 89, 1. hæð,
fimmtudaginn 19. mars nk. Kl. 17



Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 13. grein félagslaga

*Ársreikningar félagsins fyrir síðastliðið ár liggja frammi á skrifstofu þess að Grettisgötu 89,
3. hæð síðustu daga fyrir aðalfund.*

Stjórnin

BSRB félagar
Nám er besta sóknin!



Nýi líkur og viðspæðing

Orlof 2009

Edduhótel um allt land

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar gerir samning við Eddu Hótel um kaup á hóteliðum sem eru niðurgreiddir af orlofsjóði félagsins. Miðarnir verða seldir félagsmönnum í byrjun júní og verða auglýstir í næsta fréttabréfi félagsins.



Fosshótel

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar gerir samning við Fosshótelin um kaup á hóteliðum sem einnig eru niðurgreiddir af orlofsjóði félagsins. Miðarnir verða seldir félagsmönnum allt árið.



ICELAND EXPRESS

Félagið gerir samning við ICELAND EXPRESS um kaup á „gjafakortum“ sem orlofsjóður greiðir niður og félagsmenn geta sótt um að kaupa. Þar sem fleiri hafa sótt um en hægt er að anna verður dregið úr umsóknum. Þeir ganga fyrir sem ekki hafa fengið úthlutað áður. Þetta verður auglýst nánar í næsta fréttabréfi.

Veði og tjaldstæði að Þórisstöðum

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélag íslenska Járnblendifélagsins hafa gert samkomulag um afnot félagsmanna St.Rv. af aðstöðu STJÁ að Þórisstöðum.

Heimilt er öllum félagsmönnum í St.Rv. mökum þeirra og börnum upp að 16 ára aldri, aðgangur að tjaldstæðum í landi Þórisstaða í Svínadal, auk þess er félagsmönnum heimil veði í eftirtöldum vötnum: Geitabergsvatni, Þórisstaðavatni og Eyrarvatni þó er undanskilið svæði K.F.U.M.-manna sunnanvert við Eyrarvatn auk árstubbanna milli vatnanna.

Veðitímabil er: 1. apríl til 25. september 2009.

Veðitími er frá kl. 7:00 til 22:00 til og með 20. ágúst. Frá 21. ágúst er veðitíminn frá kl. 7:00 til 21:00. Þeir sem nota þessa aðstöðu þurfa að geta staðfest að þeir séu félagsmenn í St.Rv. með vinnutímabókinni eða félagsskírteini.

Golfvöllur

Golfvöllurinn Glanni var vígður sumarið 2006, og er nú holu völlur í fögru umhverfi. BSRB er aðili að rekstrarfélagi klúbbsins. Völlurinn er í næsta nágrenni orlofsbyggða BSRB í Munaðarnesi og Stóru Skógum og fá þeir sem eru í aðildarfélögum BSRB helming afslátt á völinn.

Orlofshús og íbúðir 2009

SUÐURLAND



Úlfjótsvatn

Félagið á sumarhús, sem eru af tveimur stærðum við Úlfjótsvatn. Annars vegar með einu svefnherbergi og svefnlofti og hins vegar með tveimur svefnherbergjum og svefnlofti. Húsin eru búnin öllum venjulegum eldhúshöldum, auk útvarps, sjónvarps og kolagrills. Sængur og koddar eru í húsunum en allt lín, rúmfatnað, handklæði o.fl. verða gestir að taka með sér. Heitur pottur er við hvert hús.

Gestir hafa aðgang að bátum og veiði í vatninu. Glæsileg þjónustumiðstöð er í Úlfjótsskála sem er staðsett við suðurenda vatnsins og er með aðstöðu fyrir gesti. Gufubað, billjard o.fl. Úlfjótsvatn er orlofshúsasvæði St.Rv. í aðeins 70 km. fjarlægð frá Reykjavík.

Í þjónustumiðstöð fá gestir afhenta lykla að húsunum.



Akrakot

Við húsið er stór verönd með grillskýli og heitum potti. Ágæt grasflöt er við bústaðinn með leiktækjum. Húsið er um 60m² með 12m² svefnlofti. Bústaðurinn samanstendur af anddyri, baðherbergi, stofu, borðstofu, eldhúsi, 2 svefnherbergjum á 1. hæð og svefnlofti. Svefnpláss er fyrir 9, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi og fyrir 3 í herbergi niðri og 4 á svefnlofti. Sængur og koddar fyrir 10 eru í húsinu. Í eldhúsinu er ísskápur, eldavél með ofni, örbylgjuofni, borðbúnaður og áhöld fyrir 12 manns. Gasgrill er í húsinu. Í húsinu er sjónvarp og útvarp. Akrakot er að Stóru- Reykjum í Biskupstungum. Gæludýr eru leyfileg.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv.

Akrasel

Akrasel er við Álftavatn í Grímsnesi, húsið var keypt og tekið í notkun 1990. Bústaðurinn var stækkaður og endurbættur 2004. Við húsið er stór verönd með heitum potti. Við bústaðinn eru rólur og sandkassi. Í húsinu er anddyri, baðherbergi, stofa, eldhús, 3 svefnherbergi. Svefnpláss er fyrir 7, einnig eru 3 lausar dínur. Sængur og koddar fyrir 10 eru í húsinu. Í eldhúsinu er ísskápur, eldavél með ofni, uppþvottavél, örbylgjuofn, borðbúnaður og áhöld fyrir 12 manns. Gasgrill er í húsinu. Í húsinu er sjónvarp, myndbandstæki og útvarp.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv.



VESTURLAND



Súðavík

Í fjölbýlishúsi við Aðalgötu 2 á Súðavík hefur félagið á leigu 3ja herbergja íbúð. Hún er með rúmgóðu hjónaherbergi, barnaherbergi með koju, (ein og hálf breidd neðri koja og einbreiddri uppi). Í stofu er svefnsofi. Sængur og koddar fyrir 6

Súðavík liggur miðsvæðis á Vestfjörðum, 19 km. eru til Ísafjarðar. Stutt er í þrjár sundlaugar og þrjár golfvöllir eru innan seilingar. Margar náttúruperlur eru í nágrenninu, má þar nefna Vigur og friðland Hornstranda.

Lyklar eru afhentir í Súðavík.



Krossholt Barðaströnd (einbýlishús)

Húsið er 118fm einbýlishús. Gisting er fyrir allt að 8 manns. Stofa er með sófasetti, útvarpi og sjónvarpi. Svefnherbergi eru þrjú. Í einu er hjónarúm en í hinum 90cm rúm. Tvær dýnur fylgja húsinu. Svefnpláss, sængur og koddar eru fyrir 8. Ekki er séð fyrir rúmfatnaði. Eldhús er með eldavel og uppþvottavel. Einnig er þvottavel í húsinu. WC er með baðkari og sturtu.

Úti Stór verönd er við húsið með heitum potti, gas og kolagrilli.

Lyklar eru afhentir á staðnum.

Munaðarnes og Stóru-Skógar

Á orlofshúasvæði BSRB í Munaðarnesi og Stóru-Skógum á félagið hús af tveimur stærðum, stór með svefnplássi fyrir 6-8 og lítil með einu svefnherbergi og stofu, svefnpláss fyrir 2-4. Í húsunum er allur venjulegur húsbúnaður. Húsin eru með sjónvarpi, útvarpi og kolagrilli. Heitur pottur er við öll hús.

Í Munaðarnesi er rúmgóð þjónustumiðstöð.

Skemmtilegt gönguleiðakort er hægt að fá í þjónustumiðstöðinni. Þá er sundlaug á Varmalandi svo og í Borgarnesi, sem báðar eru fjölsóttar af gestum staðarins. Golfvöllur er að Hamri, rétt utan við Borgarnes og hestaleigur nokkrar í næsta nágrenni. Athygli er vakin á því að Stóru-Skógar eru í næsta nágrenni Munaðarnes og öll afgreiðsla fyrir húsin þar er í þjónustumiðstöðinni í Munaðarnesi.

Lyklar, sængurfatnaður og hreinlætisvörur eru afhent í þjónustumiðstöð.



Norðurás

Norðurás 1 er í landi Kambshóls í Svínadal. Í bústaðnum er svefnpláss fyrir 7. Herbergi með hjónarúmi og annað með rúmi 1 og 1/2 breidd og koja, í stofu er svefnsofi fyrir 2 (á geymslulofni er dína 1,3 á breidd). Í húsinu er anddyri, baðherbergi, stofa og eldhús. Sængur og koddar fyrir 8 eru í húsinu. Í eldhúsinu er ísskápur, eldavel með ofni, örbylgjuofn, borðbúnaður og áhöld fyrir 8 manns. Í húsinu er sjónvarp og útvarp. Stór verönd er við húsið með heitum potti. Gasgrill fylgir bústaðnum.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv.



NORÐURLAND



Akureyri

Félagið hefur tekið á leigu fjögurra herbergja íbúð í Hafnarstræti 7.

Öll venjuleg búsaðhöld fylgja, svo og útvarp, sjónvarp og kolagrill. Sængur og koddar fylgja, en allt lín, rúmföt, handklæði o.fl. verður fólk að taka með sér.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv. viku fyrir brottför.

Akureyri

Í fjölbylishúsi að Hrísalundi 2e á félagið góða, vel búna fjögurra herbergja íbúð á jarðhæð.

Öll venjuleg búsaðhöld fylgja, svo og útvarp, sjónvarp og kolagrill. Sængur og koddar fylgja, en allt lín, rúmföt, handklæði o.fl. verður fólk að taka með sér.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv. viku fyrir brottför.



Tröllagil 29 Akureyri

(íbúð á 8. hæð)

Íbúðin er 75 fm. Gisting er fyrir allt að 7 manns.

Stofa er með svefnsófa, útvarpi og sjónvarpi.

Svefnherbergi eru tvö. Í öðru er hjónarúm, í hinu 1 einbreitt rúm. Tvær dýnur fylgja íbúðinni. Svefnpláss, sængur og koddar eru fyrir allt að 7. Ekki er séð fyrir rúmfatnaði.

Eldhús er með eldavél og örbylgjuofni. Borðbúnaður fyrir 6. Þvottavél og þurrkari á hæðinni.

WC er með sturtu.

Lyklar eru afhentir hjá umsjónarmanni.

Hrísey

Félagið hefur tekið á leigu íbúð, 180 m² að Norðurvegi 7-11 í Hrísey.

Á annari hæð ofan við verslun, íbúð er með stofu og borðstofu, fjórum svefnherbergjum, eldhúsi, baðherbergi og lítilli snyrtingu.

Í Hrísey er nýtt íþróttahús þar er glæsileg sundlaug ásamt heitum potti, í eyggi eru góðar gönguleiðir og gott berjaland, einnig er gaman að skoða náttúruna ásamt fjölbreyttu fuglalífi.

Íbúðirnar eru miðsvæðis við flest í eygunni, veitingahús í næsta húsi, fjarlægð í pósthús og banka er um 100 metrar í sundlaug um 200 metrar og svipuð vegalengd að ferju, ágætis fótbolta og flugvöllur er í Hrísey.

Hríseyjarferjan fer að jafnaði um 9 ferðir á dag milli Hríseyjar og Árskógsstrandar, siglingin tekur um 15 mín. frekari uppl. á netinu undir hrisey.net eða eyfar.is



Illugastaðir í Fnjóskadal

Félagið leigir tvö hús á Illugastöðum í eigu Einingar-Iðju á Akureyri.

Húsin eru ætluð fyrir 6 – 8 manns og eru búin öllum venjulegum húsbúnaði. Þar er sjónvarp, útvarp og heitur pottur við hvert hús. Húsunum fylgja sængur og koddar. Rúmfatnaður fylgir ekki en hægt er að leigja hann á staðnum.

Lyklar að húsunum eru hjá umsjónarmanni staðarins.



Huldulundur í Aðaldal

Félagið hefur tekið á leigu sumarhús í Aðaldal. Í því er svefnpláss fyrir sex - hjónaherbergi, svefnherbergi með koju og í stofu er svefnsófi.

Allur venjulegur eldhúsbúnaður og útvarp, sjónvarp og kolagrill. Sængur og koddar fylgja en rúmfatnað og annað lín þarf fólk að hafa með sér.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv. viku fyrir brottför.

Arnarfell í Eyjarfirði

Arnarfell er ca. 30-32 km. frá Akureyri, keyrt er inn í Eyjarfjarðarsveit framhjá flugvelli. Húsið er um 190 m² einbýlishús með 60 m² sólskála. Í húsinu er stofa, rúmgott eldhús, baðherbergi með sturtu og baðkeri, þvottahús, hjónaherbergi og 3 herbergi önnur. Alls svefnpláss fyrir 7 manns.

Enginn heitur pottur er í húsinu, en húsið er á friðsælum stað og öll aðstaða til fyrirmyndar og aðbúnaður góður.



Vikuv erð á orlofshúsum fyrir sumarið 2009

Lítið hús með potti	15.000
Stórt hús með potti	21.000
Stórt hús án potts Eiðar/Einarsstaðir	17.000
Aðrir staðir án potta	21.000

Frestur til þess að sækja um orlofshús

Umsóknir þurfa að berast fyrir **3. apríl**. Umsóknareyðublöð er að finna hér í Fréttabréfinu en einnig er hægt að skrá rafrænt inn umsókn á heimasíðu félagsins www.strv.is

AUSTURLAND



Einarsstaðir

Félagið leigir í sumar orlofshús á Einarstöðum af AFLI - starfsgreinafélagi austurlands. Húsið er um 45 fermetrar að stærð með þremur svefnherbergjum og búið borðbúnaði fyrir tíu manns. Í húsinu er m.a. kælikápur, pottar og pönnur, örbylgjuofn, sjónvarp, útvarp og gasgrill. Hægt er að fá lánað barnarúm, barnastóla og aukadýnur hjá umsjónamanni.

Einarsstaðir eru staðsettir um 11 km. frá Egilsstöðum, mitt á milli Egilsstaða og Hallormsstaðar.

Lyklar eru afhentir hjá umsjónarmanni.

Lín og handklæði er hægt að fá leigt hjá umsjónarmanni.

Sími hjá umsjónarmanni er 471-1734 og 861-8310.



Eiðar

Á orlofshúsasvæði BSRB að Eiðum á Starfsmannafélagið tvö hús. Hvort um sig er með þremur svefnherbergjum (svefnstæðum fyrir 6-8), stofu og eldhúsi. Húsin eru vel búin með sjónvarpi, útvarpi, kolagrilli og öllum venjulegum eldhúsbúnaði.

Náttúrufegurð Fljótsdalshéraðs hefur lengi verið rómuð, Hallormsstaðaskógur, Skriðuklaustur, Lagarfljótið sem liðast eftir miðju Héraðinu og Snæfell í vestri og Dyrfjöll í austri eru útverðir byggðar á svæðinu. Frá Eiðum, sem eru 10 km frá Egilsstöðum, er skammt niður á firði, sem hver um sig býr yfir sérstaklega fagurri fjallasýn.

Afgreiðsla lykla og sængurfatnaðar er á Edduhótelinu á Eiðum.



Ásar í Skaftártungu

Sumarhúsið Ásar er í Skaftártungu ca. 235 km frá Reykjavík. Húsið er tvær hæðir ca 70 m² hvor hæð. Á efri hæð er stofa með hornsófa, setustofa með tveimur svefnsófum, eldhús, eitt svefnherbergi og snyrting. Á neðri hæð er hjónaherbergi, tvö herbergi, baðherbergi og þvottahús. Svefnpláss er fyrir a.m.k. tíu manns og þar er eitt barnarúm. Tíu sængur fylgja en hafa þarf með sér sængurfatnað. Húsið er búið öllum nauðsynlegum húsbúnaði svo sem borðstofuborði fyrir 10 manns, örbylgjuofni, sjónvarpi, útvarpi, þvottavél og uppþvottavél.

Við húsið er sólpallur með húsgögnum, kolagrilli og heitum potti. Gæludýr eru leyfileg.

Lyklar afhentir á Ytri Ásum.

Nánari upplýsingar um orlofsmál er að finna
á heimasíðu félagsins www.strv.is



Búnaður í orlofshúsum/íbúðum St.Rv. 2009

STADUR:	Fjöldi húsa	Stærð í m ²	Svefnpláss	Svefnloft	Sængur/koddar	Sængurfatnaður/lín	Barnarúm	Barnastóll	Eldavél m/ofni	Eldunarhellur	Örbylgjuofn	Ísskápur	Sjónvarp/útvarp	Grill	Heitur pottur
Aðaldalur	1	60	6	Nei	6	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Já	Nei
Akrakot	1	58	8-10	Já	10	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	Já	gas	Já
Akrasel	1	58	6-8*	Nei	8	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	Já	kol	Já
Akureyri, íbúð Hrisalundi 2e	1	104	8	Nei	7	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	kol	Nei
Akureyri, íbúð Hafnarstræti 7	1	100	7	Nei	7	****	Já	Nei	íá	Nei	Já	Já	Já	kol	Nei
Akureyri, Tröllagil 29	1	75	5-7*	Nei	7	Nei	**	**	Já	Nei	Já	Já	Já	gas	Nei
Arnarfell	1	190	8	Nei	8	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	Já	gas	Nei
Ásar í Skaffartungum	1	140	10	Nei	10	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	kol	Nei
Eiðar	2	52	6+2*	Nei	8	i mlf.	**	Já	Nei	Já	Já	Já	Já	kol	Nei
Einarstræðir	1	45	8	Nei	8	****	Já	**	Já	Nei	Já	Já	Já	gas	Nei
Hrísey	1	180	8	Nei	8	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	Já	kol	Nei
Illugastaðir	2	45	8	Nei	8	****	**	**	Já	Nei	Já	Já	Já	kol	Já
Munadarnes, stór hús	8	52	6+2*	Nei	8	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	Já	kol	Já
Norðurás	1	40	5-8	Nei	8	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	Já	gas	Já
Súða vík	1	84	6	Nei	6júli	****	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	kol	Nei
Úlfliótsvatn, stór hús	7	55	4+4*	Já	8	Nei	**	**	Já	Nei	Já	Já	Já	kol	Já
Úlfliótsvatn, lítil hús	3	35	2+4*	Já	6	Nei	**	**	Já	Nei	Já	Já	Já	kol	Já

Allar almennar heimlætisvörur eiga að fylgja húsunum.

Hægt er að komast að 1 húsi á Úlfliótsvatni og 1 húsi í Munadarnesi í hjólastól. (Húsin ekki sérhönnuð fyrir fatlaða)

* aukadýnur ** hægt að fá hjó umsjónarmönnum *** hægt að fá leigt



Umsókn í orlofshús sumarið 2009

Umsækjandi: _____ Kennitala: _____
 Heimili: _____ Póstnr . _____ Neifang: _____ @ _____
 Vinnustaður: _____ v-sími: _____ h- sími: _____ gsm: _____ Félagssalur: mán/ár: _____

Merknið við stað og tíma sem óskað er, val- 1, 2, 3, o.s.frv. Hús eru ekki til leigu þau tímabil sem er skýggð.

Leigutímabil hefst: Leigutímabili lýkur:	29/5 5/6	5/6 12/6	12/6 19/6	19/6 26/6	26/6 3/7	3/7 10/7	10/7 17/7	17/7 24/7	24/7 31/7	31/7 7/8	7/8 14/8	14/8 21/8	21/8 28/8
Aðaldalur													
Akrakot													
Akrasel													
Akureyri –Hafnartræti													
Akureyri -Hrísalundur													
Akureyri, Tröllagil 29													
Arnarfell													
Ásar í Skaffártungum													
Eiðar													
Einarsstaðir													
Hrísey													
Illugastaðir													
Munaðarnes -stórt													
Norðurás													
Krossholt													
Súðavík - íbúð													
Úlfliótsvatn -lírið													
Úlfliótsvatn -stórt													

**STYRKTU STÖÐU ÞÍNA - HAGNÝT
NÁMSKEIÐARÖÐ OPIN ÖLLUM Í JANÚAR**

Lögfræði launþegans 20. janúar.

Gerð starfsferilsskráa og framkoma í atvinnuviðtali
22. janúar.

Hagfræði heimilanna - fjármál fjölskyldunnar
27. janúar.

FAGNÁMSKEIÐ FRAMUNDAN:

Punglyndi, kvíðaraskanir og lausnamiðuð meðferð
29. Janúar - 4. febrúar.

Atburðarstjórnun - Frá hugmynd til framkvæmdar
2. - 4. Febrúar.

Gigt 5. – 11. Mars

Taugasjúkdómar 12. -18. Mars.

Sjúkraflutningar 16. -19. Febrúar.

Sykursýki hjá börnum og unglingum 19. Febrúar.

Næring og offita 9. -11. Mars.

Fræðslunámskeið um heilaskaða framhald
27. Febrúar.

Fagleg vinnubrögð á frístundarheimilum
16. - 18. Mars.

Átraskanir og hlutverk fagaðila
23. og 24. Febrúar.

ÖNNUR NÁMSKEIÐ Í FEBRÚAR

Færni - verkfæri fyrir lesblinda.